



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Kristján Þór Júlíusson
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík.

Reykjavík 23. febrúar 2018

Ágæti ráðherra,

Talsverðar blikur eru á lofti í íslenskum landbúnaði um þessar mundir. Þekktur er vandi sauðfjárbænda sem farið hefur verið ítarlega yfir með ráðuneytinu og núverandi ríkisstjórn brást við með 665 m. kr. fjárveitingu í fjárukalögum 2017. Langtímalausn hefur þó ekki verið náð.

Tvennt er í farvatninu á næstu mánuðum. Annars vegar er um að ræða viðbrögð við dómi EFTA dómstólsins þann 14. nóvember sl. varðandi ákvæði núverandi matvælalöggjafar þess efnis að ekki megi flytja inn hrátt kjöt, ógerilsneydd egg og ógerilsneydda mjólk, hingað til lands frá öðrum aðildarríkjum EES án sérstaks leyfis. Jafnframt skilyrða um að kjöt skuli hafa verið fryst í a.m.k. 30 daga áður enn til innflutnings kemur. EFTA dómstóllinn taldi þessi skilyrði fara í bága við EES samninginn og mælir svo fyrir að þau eigi að afnema.

Hins vegar er um að ræða gildistöku tollasamnings við ESB sem undirritaður var í september 2015. Samningurinn tekur gildi 1. maí nk. en verður að fullu kominn í gildi í byrjun árs 2021. Kvótar ESB fyrir tollfrjálsan innflutning hingað til lands munu fimmfaldast á tímabilinu, en kvótar Íslands á markað ESB munu á sama tíma ríflega þrefaldast.

Fyrir liggur að bæði þessi atriði geta haft mjög veruleg neikvæð áhrif á innlandan landbúnað og það hefur verið tekið upp við stjórnvöld með ýmsum hætti á síðustu misserum. Aðstaða íslensks landbúnaðar til að keppa við erlenda framleiðslu getur ekki talist jöfn og greinin býr yfir ýmiskonar sérstöðu sem auðvelt er að glata. Allt skiptir þetta verulegu máli. Fjöldi manns starfar við landbúnað eða úrvinnslu afurða hans og sú starfsemi er stundum grunnstoð í samfélögum dreifbýlisins. Breytingar til verri vegar geta því haft mjög veruleg neikvæð samfélagsleg og byggðaleg áhrif, einkum í þeim byggðum sem hafa ekki að mörgu öðru að hverfa.

Með bréfi þessu vilja Bændasamtök Íslands velja þessa hugmyndum sem snerta framangreind atriði og óskað er eftir að stjórnvöld taki til umfjöllunar. Undirstrika verður að ákvarðanir í þessum málum þola ekki bið í ljósi þess að tollasamningurinn er að taka gildi þann 1. maí nk. og á þingmálaskrá núverandi ríkisstjórnar er boðað frumvarp nú á vörþingi vegna viðbragða við dómi EFTA dómstólsins

I. Tollasamningur og framkvæmd tollverndar.

Hvað varðar tollasamninginn þá skal fyrst bent á niðurstöður starfshóps þáverandi ráðherra um tollasamning og nýjar aðbúnaðarreglugerðir sem skilað var í júní 2016 en tillögur hópsins voru eftirtaldar:

- a) Að skorti á tilteknum skrokkhlutum verði beint inn í tollkvóta með því að afmarka hluta ESB tollkvótans fyrir þá vöruflokka sem skortur er á.
- b) Að við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og í samræmi við hvernig ESB framkvæmir slíkan umreikning.
- c) Að tollkvótum verði úthlutað oftast á árinu, allt að fjórum sinnum í stað einu sinni, til þess að viðhalda jafnara flæði inn á íslenskan markað.
- d) Stjórnvöld leiti allra leiða til að setja frekari reglur um fyrirkomulag innflutnings, m.t.t. gæðakrafna, einkum og sér í lagi að því er snertir lyfjanotkun og heilbrigðiskröfur til afurða.
- e) Stjórnvöld skipi starfshóp sem verði falin greining á stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart mögulegum breytingum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Sérstöku fjármagni verði veitt í slíka greiningarvinnu.
- f) Að heimilað verði að nýta fjármuni til úreldingar sem ætlaðir eru til fjárfestingar hjá svínabændum.
- g) Að leitað verði leiða til að andvirði tekna af útboði tollkvóta fyrir hvítt kjöt verði ráðstafað til fjárfestinga og stuðnings við svína- og alifuglabændur til að uppfylla kröfur vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða.
- h) Að stofnaður verði nýr lánaflokkur hjá Byggðastofnun fyrir svína- og alifuglabændur með lægri vaxtakjör en á öðrum lánnum sem þessar greinar hefðu aðgang að til að mæta nýjum aðbúnaðarreglugerðum.

Af ofangreindum tillögum má segja að engin hafi komist að fullu til framkvæmda, en tillögur c) og f) að hluta og tillaga d) að því leyti að búið er að innleiða reglugerð um upprunamerkingar á öllu kjöti. Nefndavinnu í ráðneytinu varðandi upplýsingagjöf um lyfjanotkun hefur hinsvegar verið hætt og aðrar tillögur hafa ekki komist í framkvæmd. Bændasamtökin leggja áherslu á að farið verði að ofangreindum tillögum.

Þess má jafnframt geta að BÍ fengu Vífil Karlsson hagfræðing til að meta áhrif samningsins og að hans mati getur hann þýtt allt að 16% tekjusamdrátt í í einstökum greinum, eða allt að 1.600 m. kr. tekjusamdrátt í heild.

Að öðru leyti þá telja Bændasamtökin nauðsynlegt að að farið verði yfir tollvernd í landbúnaði í heild. Nú er staðan með þeim hætti stjórnvöld hafa einhliða fellt niður tolla á öllum vörum nema matvörum. Um ekkert annað er því að semja ef til stendur að gera fríverslunarsamninga við aðrar þjóðir. Á sama tíma er tollvernd mikilvægur hluti af landbúnaðarstefnunni heild. Eðlilegt er að afmarkað sé með skýrum hætti til hvaða afurða tollverndin á að ná og BÍ eru fyllilega reiðubúin að ræða við stjórnvöld um það efni. Á sama tíma verður að gera kröfu til þess að tollverndin skili árangri þar sem henni er beitt. Tollar eru að hluta til föst krónutala. Upphæðir hafa í mörgum tilvikum ekki breyst í meira en 20 ár og þar af leiðandi rýrnað verulega að verðgildi, vegna verðlagsþróunar á tímabilinu. Hátt gengi krónunnar undanfarin misseri kemur síðan þar til viðbótar og rýrir verndina enn frekar. Vissulega taka sumir tollar einnig mið af innflutningsverði en það er fjarri því almenn regla. Tollum er ætlað að jafna samkeppnisstöðu miðað við þær

framleiðsluáðstæður sem eru fyrir hendi og í núverandi stöðu er það ekki raunin. Til dæmis er af einhverjum ástæðum lægri tollur á ferskum kjúklingi heldur en frosnum öfugt við verð viðkomandi afurða. Fara þarf því yfir álagningu tolla í heild og tryggja að þeir skili því sem þeim er ætlað. Um leið þarf að vera skýrt hvernig stjórnvöld hyggjast úthluta þeim tollkvótum sem til ráðstöfunar verða, þ.e. hvort að þeir verða áfram boðnir út eins og verið hefur, eða hvort að einhverjar fyrirætlanir eru uppi um breytingar. Gott tækifæri til þess er í tengslum við endurskoðun búvörusamninga 2019

Því til viðbótar er nauðsynlegt að tryggja að framkvæmd tollaefirlits sé í lagi hverju sinni. Dæmi eru um verulega ágalla á því sviði. Þetta gildir bæði um tollaefirlit og eftirlit sem tengist heilbrigði- og sjúkdómavörnum. Stjórnvöld bera þarna ríka ábyrgð og því verður ekki trúað að þau hafi ekki fullan vilja til að framfylgja þeim lögum sem gilda í landinu af fullum þunga. Það er sannarlega ekki til of mikils ætlast að hið opinbera framfylgi lögum sem þá hefur sjálft beitt sér fyrir að setja.

Bæta þarf framkvæmd eftirlitsins og þá umgjörð sem um það gildir. Ekki þarf þó að breyta lögum til að nýta megi þær heimildir sem fyrir eru til að framkvæma virkt eftirlit og taka gjald fyrir það skv. gjaldskrár viðkomandi eftirlitsaðila.

Margir aðilar koma að eftirliti með framleiðslu, innflutningi og sölu á landbúnaðarafurðum, bæði ætum og óætum. Það flækir mjög samræmingu í eftirliti að ólíkir þættir þess skuli heyra undir mismunandi stofnanir og ráðuneyti. Helstu ábyrgðaraðilar eru Matvælastofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Neytendastofa sem heyrir undir ráðherra ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar og Tollstjóraembættið sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra. Heilbrigðiseftirlitin í landinu hafa einnig hlutverki að gegna í eftirliti með merkingum matvæla og þau heyra undir sveitarfélögin og/eða heilbrigðisnefndir viðkomandi svæða.

Skortur á vönduðu eftirliti hefur í för með sér aukna sjúkdómahættu fyrir íslenska náttúru og mögulega neytendur einnig, skerta samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og tekjutap fyrir íslenska ríkið s.s. í formi vangreiddra tolla. Þarna er úrbóta þörf og því miður fá Bí sífellt fleiri ábendingar um að þarna sé ekki rétt staðið að málum. Samtökin leggja þunga áherslu á að úr því verði bætt þegar í stað.

II. EFTA dómurinn.

Svo sem að framan greinir þá kvað EFTA dómstólinn upp þann 14. nóvember sl. að gildandi skilyrði fyrir innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum væri brot á EES samningnum. Þessi skilyrði voru tekin upp þegar íslensk stjórnvöld innleiddu matvælalöggjöf Evrópusambandsins með lögum nr. 143/2009. Málið fyrir EFTA dómstólnum spratt upphaflega af kvörtun samtaka verslunarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA 2011. Við meðferð málsins lögðu íslensk stjórnvöld fram margvísleg gögn þess efnis að takmarkanirnar sem deilt var um væru eðlilegar með vísan til 13. greinar EES samningsins sem fjallar um heimild til takmörkunar á viðskiptafrelsi í því skyni að vernda heilsu manna og dýra. Ekki verður farið yfir þær röksemdir hér en vísast til þeirra gagna sem lögð voru fyrir dóminn af hendi stjórnvalda og unnin vöru af utanríkisráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Niðurstaða dómstólsins var eftir sem áður að taka engu mið af 13. grein EES samningsins í niðurstöðunni. Talið var að hún ætti ekki við. Vísindaleg rök stjórnvalda hafa þó ekki verið dregin í efa og verður að segja að niðurstaða sem þessi veldur verulegum áhyggjum af því því hvort að EES ríkin eru raunverulega á jafnréttisgrundvelli gagnvart ESB í þessu efni. Í sáttmála ESB eru sambærilegar heimildir og 13. grein EES samningsins sem ekki hefur verið hnekkt. Þessi staða er

Því verulegt umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og fyllsta ástæða til að ræða við Evrópusambandið um raunverulega þýðingu þessara varnagla. Að óbreyttu virðast þeir lítils virði.

Vísindamenn hafa bent að afnám ofangreindra takmarkana muni þýða verulega aukna áhættu á ýmsum sviðum fyrir heilsu manna og dýra.

Þau varnaðarorð verða ekki endurtekin hér í heild en í stuttu máli þá er megináhættan sú að hvað varðar heilsu manna að matarsýkingum fjölgi og meiri hættu verði á því að hingað berist bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum. Hvað varðar matarsýkingar þá er það staðreynd að eftirlit héraðs með kamfýlóbakter og salmonellu er umfangsmeira en annars staðar á EES svæðinu og skilyrði fyrir markaðssetningu afurða strangari. Engin önnur Evrópuþjóð skimar jafn vel fyrir kamfýlóbakter eins og Ísland enda er okkar árangur í baráttu við þær sýkingar talinn öfundsverður. Regluverk ESB gerir ráð fyrir að hægt sé að fá sérstakar viðbótartryggingar vegna salmonellu og þær hafa Svíþjóð, Finnland og Danmörk fengið. Sjálfsagt er að óska eftir þeim líka, en ekkert slíkt er í boði vegna kamfýlóbakter. Það er einfaldlega ekki í regluverki ESB, en sýkingar af völdum kamfýlóbakter eru algengustu matarsýkingar í Evrópu.

Til viðbótar þau mun aukinn innflutningur auka líkurnar á því að hingað berist sýkingar sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem er talið eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál í heiminum í dag. Mikil tengsl eru á milli þessa og sýklalyfjanotkunar í landbúnaði. Samkvæmt gögnum frá Lyfjastofnun Evrópu fyrir árið 2015 er sýklalyfjanotkun í landbúnaði í Evrópu allt upp í 88 sinnum meiri en hér á landi, þar sem hún fer hæst.

Hvað varðar heilsu dýra þá er ekki ágreiningur um að innlendir búfjárstofnar hafa búið við langa einangrun og hafa aldrei komist í snertingu við smitefni margra búfjárjúkdóma sem eru landlægir í Evrópu og víðar. Berist smit hingað er því líklegt að það geti valdið miklu tjóni með ófyrirséðum afleiðingum.

Vísað er áður nefndra gagna sem lögð voru fyrir dóminn til frekari upplýsinga sem og gagna sem tekin hafa verið saman af hálfu stjórnvalda í máli 154/2017 fyrir Hæstarétti (Íslenska ríkið gegn Ferskum kjötvörum ehf)

Í umræðu um þessi mál hefur vissulega verið deilt um hversu áhætta sem fylgir afnámi þessara takmarkana er mikil, en það verður ekki deilt um að hún verður meiri en hún er í dag. Því ræður miklu hver næstu skref stjórnvalda verða. Um leið hefur íslenskur landbúnaður ekki aðgang að neinum tryggingasjóði vegna tjóns af völdum búfjárjúkdóma eins og er fyrir hendi innan ESB, ef frá eru taldar bótagreiðslur vegna riðuniðurskurðar í sauðfé.

Bændasamtökin telja eðlilegast að óskað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um þessa stöðu. Staða okkar gerir einfaldlega kröfu um að látið verði reyna á hvort við getum haldið núgildandi löggjöf áfram í gildi með samningum þess efnis. Full rök standa til þess þó að EFTA dómstólinn hafi því miður ekki tekið tillit til þeirra. Rétt er að rifja upp að við innleiðingu matvælalöggjafar ESB fór fram umfangsmikil fagleg umræða efni hennar. Frumvarp var fyrst lagt fram í apríl 2008 og þá skiluðu Bí ítarlegri umsögn sem m.a. fylgdi greinargerð Lagastofnunar Háskóla Íslands (1)

Alls voru lögð fram 93 umsagnir og erindi við málið á 135. löggjafarþingi, en það hlaut ekki afgreiðslu þá. Á 136. löggjafarþingi kom endurskoðað frumvarp aftur til umfjöllunar. Umræðan hélt þá áfram en málið hlaut ekki afgreiðslu heldur. Bí skiluðu umsögn um þær breytingar sem þá

höfðu verið gerðar (2) en alls komu fram 39 umsagnir og erindi. Málið kom svo enn endurskoðað til umfjöllunar á 138. löggjafarþingi og varð þá að lögum nr. 143/2009 þann 18. desember 2009.

Frumvarpið í endanlegri mynd hafði tekið margþættum breytingum m.a. í ljósi ábendinga BÍ og fleiri aðila. Lokaafgreiðslan fór fram í ágætri sátt á Alþingi – mótatkvæðalaust. Vönduð og umfangsmikil umræða við meðferð málsins skilaði þeim árangri og mikilvægum úrbótum um leið. Nú hefur EFTA dómstóllinn hinsvegar gert þá sátt að engu. Sú staða hlýtur að hafa í för með sér að íslensk stjórnvöld bregðist við henni pólitískt. Lagaleg viðbrögð duga ekki til. Að teknu tilliti til ofangreinds telja BÍ því forgangsmál að íslensk stjórnvöld láti á það reyna gagnvart ESB að þau hafi raunverulegt vald á því að tryggja heilsu manna og dýra með innlendri löggjöf. Það er sannarlega uggvænleg staða ef svo er komið að það sé ekki lengur hægt og vekur upp margar alvarlegar og stórar spurningar um hvert vald íslenskra stjórnvalda er í raun og hvort við þá stöðu verði unað.

Allt að einu þá vilja BÍ samt taka fram að ef framangreind tillaga er ekki fær leið þá verður það verða lágmarkskrafa að samið verði um þriggja ára frest til undirbúnings þeirra áhrifa sem breytt fyrirkomulag getur haft. Sá tími verði nýttur til nauðsynlegra rannsókna og til að fara yfir fyrirkomulag matvæla- og innflutningseftirlits. Með því þarf afmarka nánar hvernig eftirlitinu verði beitt með sem skilvirkustum hætti til að tryggja áfram sem besta sjúkdómastöðu. Í því felst m.a. að efla tolleftirlit og matvælaeftirlit, svo sem skipulagðari sýnatökur og skimanir. Þær munu þurfa að beinast með sama hætti að innlendri framleiðslu og innfluttri og byggja á því að skima fyrir ákveðnum smitefnum og efnaleifum á öllum framleiðslu- og sölustigum eftir því sem við á. Afmarka þarf hverju þarf að leita eftir í samvinnu við vísindamenn og skipuleggja framkvæmdina þannig að hún geti verið komin í gagnið þegar breytingarnar verða. Einnig kann að vera að gera þurfi frekari rannsóknir með aðferðafræði áhættumats til að fullnægja formkröfum um framsetningu eða söfnun gagna. Við þetta má meðal annars líta til skýrslu starfshóps um endurskoðun löggjafar um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem skilað var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í október 2017 (3). Þar eru fjölmargar tillögur sem hafa miklar þýðingu fyrir þetta verkefni og lögleiða þarf.

Bændasamtökin óska eftir því að bréf þetta verði tekið til efnislegrar meðferðar af stjórnvöldum og eru tilbúin til funda til að ræða efni þess eða fara nánar yfir einstök atriði.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sindri Sigurgeirsson, formaður

Afrit: Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður Framsóknarflokksins
Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra.

Ítarefni:

1. Umsögn BÍ um matvælafrumvarpið á 135. löggjafarþingi
<http://www.althingi.is/altext/erindi/135/135-3149.pdf>
2. Umsögn BÍ um matvælafrumvarpið á 136. löggjafarþingi
<http://www.althingi.is/altext/erindi/136/136-1219.pdf>
3. Skýrsla starfshóps um endurskoðun á löggjöf um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/10/18/Skyrsla-starfshops-um-endurskodun-loggjafar-um-dyrasiukdoma-og-dyralaekna/>